



Borgarráð

Leik- og grunnskólalóðir, opin leiksvæði. Endurgerð 2025.

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir vegna endurgerðar á leik- og grunnskólalóðum auk opinna leiksvæða á árinu 2025.

Gert er ráð fyrir að hefja framkvæmdir í maí 2025 og er stefnt að því þeim verði lokið í ágúst-september 2025.

Kostnaðaráætlun er 165 m.kr.

Greinargerð:

Á árinu 2025 verða endurgerðar eftirtaldar leik- og grunnskólalóðir:

Leikskólinn Hálsaskógur/Hálsakot – Heildaráfangi.

Leikskólinn Borg-Arnarborg – 2. áfangi.

Austurbæjarskóli – 1. áfangi.

Þá verður endurgert opið leiksvæði við Skerplugötu 2.

Kostnaðarstaðir: 1104, 1106 og 7102

Kostnaðaráætlun: 165 m.kr.

Ámundi Brynjólfsson, skrifstofustjóri
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa framkvæmda og viðhalds

Hjálagt:

- Kynning



ENDURGERÐ LEIK- OG GRUNNSKÓLALÓÐA

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ





Lýsing á framkvæmdum

Á árinu verða **þrjár** leik- og grunnskólalóðir endurgerðar.

Endurgerð skólalóða felur í sér heildar endurskipulagningu lóða og endurnýjun frá grunni.

Aðgengi fyrir alla, lýsing, leiktæki, yfirborðsefni og svæði fyrir hugmyndaleiki barna verður bætt. Helstu verkliðir eru jarðvinna, landmótun, hellulögn, frágangur gras- og gróðursvæða, útskipti fallvarnarefna og frágangur kringum leiktæki. Endurgerð lóða er oft skipt upp í fleiri en einn áfanga.

Leik- og grunnskólalóðir sem verða endurgerðar á þessu ári eru:

- **Leikskólinn Hálsaskógur/Kot - Heildaráfangi**
- **Leikskólinn Borg-Arnarborg - 2.áfangi**
- **Austurbæjarskóli - 1.áfangi**



Kostnaður og verktími

Áætlaður heildarkostnaður við endurgerð leikskólalóða er 100 m.kr.

Áætlaður heildarkostnaður við endurgerð grunnskólalóða er 50 m.kr.

Áætlað er að hefja framkvæmdir í maí/júní og áætlað að þeim ljúki í október/nóvember 2025.





Endurgerð opinna leiksvæða í borgarlandi 2025

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ





Lýsing á framkvæmd

- Framkvæmdin felur í sér endurgerð á **opnu leiksvæði við Skerplugötu 2**
- Endurnýja á yfirborð leiksvæða þ.e. fjarlægja perlumöl og setja hellur, gras, gervigras og fallvernaefni í staðinn.
- Leiktæki verða endurnýjuð.
- Lögð er áhersla á að gera leiksvæðið aðgengileg fyrir öll og bæta lýsingu sé þörf á því.



Markmið og stefna

Framkvæmdin styður við stefnur
Reykjavíkurborgar um:

- Aðgengi fyrir alla
- Borg fyrir börn



Kostnaður og verktími

Áætlaður heildarkostnaður við framkvæmdir við
endurgerð opinna leiksvæða er **15 m.kr.**

- Gert er ráð fyrir að hægt verði að hefja framkvæmdir
í maí og áætlað að þeim ljúki í ágúst 2025



Reykjavík